

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 568/2010

2012/EES/7/41

frá 29. júní 2010

um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 að því er varðar bann við því að prótínafurðir úr yrkjum hvítsveppagers (*Candida*), sem ræktað er á n-alkönum, séu settar á markað eða notaðar í fóður (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess, um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 79/373/EBE, tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 80/511/EBE, tilskipunum ráðsins 82/471/EBE, 83/228/EBE, 93/74/EBE, 93/113/EB og 96/25/EB og á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (EB) nr. 767/2009 er mælt fyrir um almennar kröfur varðandi öryggi og setningu fóðurs á markað. Þar er m.a. að finna skrá yfir efni sem falla undir takmörkun eða bann við setningu á markað eða til notkunar sem fóður.
- 2) Með tilskipun ráðsins 82/271/EBE ⁽²⁾ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 85/382/EBE frá 10. júlí 1985 um bann við notkun prótínafurða úr hvítsveppageri, sem ræktað er úr n-alkani, í fóður ⁽³⁾ er lagt bann við setningu prótínafurða úr hvítsveppageri, sem ræktað er á n-alkönum, á markað og notkun þeirra í fóður. Ástæða þessa banns er að tilteknir stofnar af yrkjum hvítsveppagers (*Candida*), sem ræktað er á n-alkönum, eru sjúkdómsvaldandi og gætu í sumum tilvikum leitt til ofurnæmissvörunar og þar með skapað hugsanlega hættu fyrir heilbrigði manna eða dýra.
- 3) Þar eð hvorki liggur fyrir ný tækniþróun né nýjar vísbendingar, sem staðfesta að notkun slíkra prótínafurða í fóður sé örugg, skal setning þessara afurða á markað og notkun þeirra bönnuð áfram og skal bannið fastsett með reglugerð (EB) nr. 767/2009.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 163, 30.6.2010, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 111/2011 frá 21. október 2011 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 70, 22.12.2011, bls. 1.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 217, 14.8.1985, bls. 27.

4) Í því skyni að hafa stjórn á áhættu í tengslum við öryggi fóðurs er skráin yfir efni, sem bannað er að setja á markað sem fóður, sem áður var kveðið á um í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/217/EB ⁽⁴⁾, birt í 1. kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009.

5) Laga skal 5. og 6. lið í 1. kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 að ákvörðun 2004/217/EB.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 767/2009 til samræmis við það.

7) Til glöggvunar skal fella úr gildi ákvörðun 85/382/EBE.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra,

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 1. kafla III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 767/2009 er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi komi í stað 5. og 6. liðar:

„5. Allur úrgangur frá aðskiljanlegum áföngum hreinsunarferlis þéttbýlis-, húsa- og iðnaðarskólps, eins og það er skilgreint í 2. gr. tilskipunar ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli (*), án tillits til frekari hreinsunar þessa úrgangs og uppruna skólpsins.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 67, 5.3.2004, bls. 31.

^(*) Stjtið. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40.

6. Fastur úrgangur frá þéttbýli (**), s.s. húsaorp.“ 2. gr.
Ákvörðun 85/382/EBE er felld úr gildi.
2. Eftirfarandi 8. liður bætist við: 3. gr.
Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. september 2010.
- „8. Prótínafurðir úr yrkjum hvítsveppagers (*Candida*), sem ræktað er á n-alkönum.“

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. júní 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti

José Manuel BARROSO

(**) Hugtakið „skólp“ á ekki við um „vinnsluvatn“, þ.e. frárennsli í sérleiðslum í fyrirtækjum í matvæla- eða fæðuriðnaði; ekki má nota vatn, sem er flutt um þessar leiðslur, í fæður nema það sé heilnæmt og hreint eins og tilgreint er í 4. gr. í tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvats (Stjtíð. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32). Einnig er heimilt að flytja hreinan sjó um leiðslur í fiskvinnslustöðvum, eins og skilgreint í 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 frá 29. apríl 2004 um hollustuhætti sem varða matvæli (Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 1). Ekki má nota vinnsluvatn til að fæða dýr nema í því sé fæður eða fæðurefni og það sé tæknilega laust við hreinsiefni, sótthreinsandi efni eða önnur efni sem eru ekki leyfð samkvæmt löggjöfnni um fæður.